

L ö g um mannanöfn.

Nr. 41.
10.
nóvbr.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í þessum lögum hafa þau orð, er hjer fara á eftir, hvert um sig, þá merkingu, er nú skal greina:

Eiginheiti hvers manns er það nafn, sem hann hlýtur í skírn eða í lög-ákveðinni tilkynningu til kirkjubókar.

Föðurnafn hvers manns er eiginheiti föður hans haft í eignarfalli að viðbættum son, ef karlmaður er, en dóttir, ef kvenmaður er.

Kenningarnafn er hvert það heiti, er maður hefir í viðbót við eiginheiti og föðurnafn, en gengur ekki til afkomenda hans.

Ættarnafn er hvert það heiti, auk eiginheitis og föðurnafns, er ganga skal óbreytt mann fram af manni í beinan karlegg.

2. gr.

Hver sá maður, er hlotið hefir 2 eiginheiti eða fleiri, er skyldur til, frá því er hann verður 16 ára, að nota sama nafn og nöfn alla æfi, nema leyfi fái til breytingar, og skal hann jafnan rita þau á sama hátt. Eiginheiti skal ávalt rita á undan föðurnafni eða ættarnafni.

Hver maður skal rita föðurnafn sitt eða ættarnafn fullum stöfum á eftir eiginheiti.

Nú hefir maður löglegt kenningarnafn eða ættarnafn, og skal þá rita það fullum stöfum í stað föðurnafns, og má þá rita föðurnafnið á undan því, fullt eða skammstafað eða upphafsstaf þess einn, eða sleppa því.

Nú hefir maður í skírn eða tilkynningu til bókar hlotið nafn, sem er löglegt ættarnafn annarar ættar, þá er honum óheimilt að hafa það fyrir kenningarnafn eða ættarnafn.

3. gr.

Þá er kona giftist, má hún taka upp ættarnafn manns síns með eða án föðurnafns síns eða ættarnafns, ella nota nafn sitt og kenna sig til föðurnafns síns.

Nú skilur kona við mann sinn að lögum, og er henni þá frjálst að taka upp aftur ættarnafn sitt, ef til var, en fá verður hún leyfisbrjef samkvæmt 10. gr. Þessi nafnskifti getur stjórnarráðið, ef sjerstök ástæða er til, leyft að nái til barna hennar, sem hún hefir foreldraráð yfir og yngri eru en 16 ára, og eins þó eldri sjeu, ef þau æskja þess sjálf; þó má hún ekki fá börnunum ættarnafn sitt, nema foreldrar hennar og systkin gefi leyfi til, þau er lifa hjer à landi.

Nr. 41.
10.
nóvbr.

4. gr.

Öllum er skylt að nota löglegt ættarnafn föður síns, og tekur það einnig til óskilgetinna barna, ef faðerninu er játað.

Nú er barn föðurlaust, og skal það að föðurnafni kenna sig til móðurföður eða hafa ættarnafn móður sinnar, ef til er.

5. gr.

Enginn má breyta eiginheiti sínu, föðurnafni, kenningarnafni eða ættarnafni eða taka upp og nota nokkurt nýtt nafn, nema fylgt sje fyrirmælum þessara laga.

6. gr.

Nú vill maður, sem fæddur er á Íslandi, taka upp kenningarnafn eða ættarnafn hjer á landi eða breyta eldra ættarnafni, og skal hann þá senda stjórnarráði Íslands beiðni um það, og láta henni fylgja skírnarvottorð sitt eða þau vottorð, er samkvæmt gildandi lögum koma í þess stað. Sje umsækjandi yngri en 16 ára verður hann að láta beiðninni fylgja samþykki þess foreldranna, er foreldraráð hefir yfir honum.

Hjón geta, meðan hjónabandinu er ekki slitið með lögum, því að eins fengið heimild til nýs ættarnafns, að þau sjeu því bæði samþykk.

Systkin mega í sameiningu sækja um sameiginlegt ættarnafn, og verður þá að fylgja umsókninni skírnarvottorð þeirra, er hið nýja nafn á að ná til eða það vottorð, er löglega kemur í þess stað.

Eigi umsækjandi börn á lífi, er lögum samkvæmt bera nafn hans, skal nafnbreytingin einnig ná til þeirra, ef þau eru yngri en 16 ára og hann hefir foreldraráð yfir þeim. Sje þau eldri en 16 ára, má nafntakan eða nafnbreytingin einnig ná til þeirra, ef umsækjandi hefir haft foreldraráð yfir þeim innan 16 ára aldurs, og þau sjálf samþykkja.

Nú eru framangreind skilyrði fyrir hendi, og geta þá einnig faðir eða móðir fengið heimild til ættarnafnstöku eða ættarnafnsbreytingar fyrir börn sín, þótt þau sjálf breyti ekki ættarnafni sínu. Skal þá nafntakan eða nafnbreytingin ná til þeirra barna allra, sem umsækjandi hefir foreldraráð yfir.

Hafi hjón fengið nýtt ættarnafn upptekið fyrir sameiginleg börn sín, hljóta seinni börn í því hjónabandi sama ættarnafn.

Enginn getur fengið nafni sínu breytt oftari en einu sinni eftir 16 ára aldur.

7. gr.

Enginn getur fengið heimild til að taka upp og hafa að kenningarnafni eða ættarnafni nein þau nöfn, er nú skal greina:

- a) Ættarnöfn, sem eru lögleg eða viðurkend eign íslensks manns, ef aðili sjálfur eða fjárhaldsmaður hans hefir með brjefi til stjórnarráðsins fyrir 1. jan. 1915 tilkynnt ættarnafnið, og lagt bann við, að það sje notað.

Ættarnafn, sem upp hefir verið tekið fyrir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), telst viðurkend eign þess, er það hefir notað. Skýrsla um það, hvenær ættarnafn hefir verið tekið upp, skal fylgja tilkynningunni, og getur stjórnarráðið heimtað þær sannanir fyrir upptöku nafnsins, er því finst ástæða til.

- b) Ættarnöfn, sem eru löglega upptekin eftir 1. jan. 1915.

- c) Nöfn, er hneykslanleg eru á einhvern hátt, eða svo lík þeim nöfnum, er um getur í staflíð a. og b., að villum geti valdið.

Stjórnarráðið skal skera úr öllum deilum, er rísa kunna út af fyrirmælum þessarar greinar.

8. gr.

Skrá um ættarnöfn, er ekki má taka upp samkvæmt 7. gr., staffið a., lætur stjórnarráðið semja og prenta í B-deild Stjórnartíðindanna. Við hver árslok skal prenta viðauka við skrá þessa, og færa þar inn þau ættarnöfn, sem leyfi hefir verið veitt til að taka upp á árinu. Nafnaskráin og viðaukarnir skulu vera til sölu hjá bóksala í Reykjavík. Stjórnarráðið ákveður söluverðið.

Ennfremur skal stjórnarráðið láta semja og gefa út til leiðbeiningar:

1. Skrá yfir orð og heiti, sem fallin þykja til að hafa að ættarnöfnum.
2. Skrá yfir góð íslensk, forn og ný eiginheiti karla og kvenna, er sjerstaklega síni, hvernig eigi að mynda konunafn af karlmannsnafni og karlmannsnafn af konunafni.
3. Skrá yfir skammstafanir þær á eiginheitum manna, sem æskilegt þykir að nota.

9. gr.

Ættarnöfn eða kenningarnöfn, sem upp hafa verið tekin án lögleggrar heimildar eftir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), má því að eins nota eftirleiðis, að sá, er í hlut á, fái heimild til að nota þau, með konunglegu leyfisbrjefi.

10. gr.

Sje ekkert nafntökunni eða nafnbreytingunni til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út leyfisbrjef, sem umsækjandi fær afhent gegn gjaldi því, er ákveðið er í 12. gr. Jafnframt sendir stjórnarráðið sóknarpresti, þeim sem í hlut á, eftirrit af leyfisbrjefinu, og skal hann geta nafntökunnar í kirkjubókinni við skírnarnöfn þeirra er nafntakan eða nafnbreytingin nær til.

11. gr.

Breytingar á nöfnum eða ný eiginheiti geta menn fengið með konungsleyfi á þann hátt, er tíðkast hefir.

Prestum er heimilt að neita að skíra börn nokkrum þeim nöfnum, sem telja verður hneykslanleg, eða færa slík nöfn til bókar.

12. gr.

Fyrir hvert leyfisbrjef, sem út er gefið samkvæmt 10. gr., hvort heldur fyrir einn mann eða heila fjölskyldu, skal greiða 10 kr., er renna í landssjóð.

Fyrir skrásetningu ættarnafna, þeirra sem getið er í upphafi 8. gr. (sbr. 7. gr. a.), skal gjalda 2 kr. fyrir hvert nafn, og rennur gjaldið í landssjóð.

13. gr.

Fullveðja mönnum, sem nú eru uppi, er frjálst að rita nafn sitt á þann hátt, sem þeir hafa tíðkað.

Útlendingum, sem hingað koma, er frjálst að rita löglegt heiti sitt á sinn vanahátt.

Í öllum opinberum skrám og skýrslum, skal ávalt rita eiginheiti manna á undan föðurnafni, nema maður hafi ættarnafn.

Þó eru bókaskrár ekki háðar þessum fyrirmælum.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er falla í landssjóð. Með mál út af þeim skal farið sem með almenn lögglumál.

Nr. 41.
10.
nóvbr.

15. gr.

Heimild stjórnarráðsins til að gefa út leyfisbrjef um upptöku ættarnafna gengur í gildi 1. jan. 1915. 9. gr. laganna gengur í gildi 1. jan. 1916. Að öðru leyti ganga lög þessi í gildi 1. jan. 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 42.
10.
nóvbr.

L ö g

um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum likum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í þessum lögum hafa þau orð, sem hjer fara á eftir, þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra.

»Mannskaði« er það, ef maður deyr voveiflega.

»Voveiflegur dauðdagi« er bráður bani, er hlýst af einhverri annari orsök en undanförunum sjúkdómi, hvort heldur um slys er að ræða, eða sjálfsmorð, eða manndráp.

»Á landi« er talið að þeir farist, sem bíða bana á þurru landi, eða í ám, eða vötnum, eða sjó, ef þeir fara af sjávarbakka í sjóinn.

»Á sjó« er talið að þeir farist, sem deyja voveiflega á skipi, eða drukna af skipi á sjó.

»Skip« merkir hvern þann farkost, er flýtur á sjó.

»Skipstjóri« er sá, er ræður fyrir skipi á sjó.

»Löggæslumaður« er sá maður í hverri sveit, er samkvæmt þessum lögum á að rannsaka fundin lík, og dauðdaga þeirra, er deyja voveiflega.

»Sveit« merkir kaupstað eða hrepp.

2. gr.

Í hverjum kaupstað skal bæjarfógeti vera löggæslumaður. Í hverjum þeim hreppi, þar sem sýslumaður býr, skal hann vera löggæslumaður; í öllum öðrum hreppum eru hreppstjórar löggæslumenn.

3. gr.

Ef maður deyr voveiflega á landi í annara manna viðurvist, þá skulu þeir tafarlaust tilkynna látið löggæslumanni í þeirri sveit, þar sem maðurinn ljest, eða í